

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um skifting Stærra-Árskógssóknar í Eyjafjarðarprófastsdæmi í tvær sóknir. 1
11. jan.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeraðsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tilögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 22. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess, að núverandi Stærri-Árskógssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi skiftist í 2 sóknir, Stærra-Árskógssókn og Hríseyjarsókn frá áramótum síðustu að telja, enda verði reist ný kirkja í Hrísey og verði fullgjörð þegar í vor.

SAMÞYKT

um

samgirðingu fyrir jarðirnar Vagla og Káradalstungu í Áshreppi.

2
27. jan.

Hreppsnefndin í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu hefir samkvæmt girðingarlögum nr. 66, 22. nóv. 1913, gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu fyrir jarðirnar Vagla og Káradalstungu.

1. gr.

Girða skal frá Dalagili fram Rjóðurháls, vestur yfir Illalæk hjá Klifinu, þaðan vestur um Brokshæðir að Hólkotskvísl.

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavírgirðing, og að öllu leyti eins og krafist er með fullkomnar girðingar.

2. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, vöxtum og afborgunum — af láni því er til girðingarinnar verður tekið —, skal jafnað niður þannig:

$\frac{1}{4}$ hluti árlegs gjalds greiðist af ábúendum nefndra jarða í rjettum hlutföllum eftir fasteignarmatsverði þeirra, $\frac{3}{4}$ hlutar af árlegu gjaldi greiðist af ábúendum fyrnefndra jarða og heimilis-

2 mönnum þeirra í rjettum hlutföllum af framtöldum hrossum og
27. jan. sauðfje.

Við þá niðurjöfnun komi jafnhátt gjald á hvert hross — 1 vetra og eldra — og á hverjar 5 sauðkindur.

3. gr.

Fjelagsmenn eru allir þeir, sem gjald greiða til girðingarinnar, og hafa allir jafnan atkvæðisrjett um þau mál, er girðinguna varða.

4. gr.

Fjelagið kys sjer þriggja manna stjórn til eins árs í senn. Stjórnin skal hafa umsjón með öllum framkvæmdum fyrir það, bæði með lagningu og viðhaldi girðingarinnar, jafna niður gjöldum á fjelagsmenn og innheimta þau, boða til funda fyrir fjelagið o. fl.

5. gr.

Stjórn fjelagsins skal kosin nú þegar, og svo framvegis á aðalfundi, er skal haldinn eigi síðar en í febrúar ár hvert; skal þá leggja fram endurskoðaða reikninga fjelagsins til samþyktar.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið og eru öll gjöld af fjelagsmönnum fallin í gjalddaga í lok þess.

6. gr.

Undanþeginn fjelagsgjaldi er allur fóðrafjenaður og haga-gönguhross, sem tekið er af utanfjelagsmönnum yfir veturinn.

Taki ábúendur jarðanna hross eða fje til geymslu á fjelags-svæðið af utanfjelagsmönnum, á öðrum tímum en yfir veturinn, skal af þeim fjenaði greiða tvöfalt gjald í fjelagssjóð, móts við gjaldskyldan fjenað fjelagsmanna, hvort sem fjenaður sá er yfir lengri eða skemri tíma.

7. gr.

Reka skal til afrjettar að vorinu allan afrjettarfjenað svo fljótt sem hægt er, og fjelagsstjórn ákveður.

Engum er heimilt að hafa ótamin hross innan girðingarinnar að sumrinu, önnur en söluhross. Sama gildir og um sauðfje, nema að fengnu leyfi fjelagsstjórnar.

8. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum 5—20 krónum, er renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt girðingalögum 2 nr. 66, 22. nóv. 1913, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til 27. jan. eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. jan. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

próf fyrir bifreiðarstjóra.

3
1. febr.

Samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

Sjerhver sá, sem vill fá ökuskríteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra skriflega umsókn um það. Eyðublöð undir umsóknir fást hjá lögreglustjóra.

Með umsókninni skal umsækjandi senda:

- a. Fæðingarvottorð.
- b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur.
- c. Vottorð læknis um:

Að hann hafi, með eða án gleraugna, minst sjónskerpuna 6/12 á betra auga, en 6/24 á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sje eðlilegt. Að hann hafi heyrn svo góða, að hann að minsta kosti heyri orð, töluð vanalegum rómi, í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrn á verra eyra en að hann heyri þau í 2 metra fjarlægð.

Að hann sje svo limaliðugur, að honum sje fært að nota hendur og fætur við aksturinn (sbr. 3. gr. c.).

- d. Vottorð um, að hann hafi notið kenslu í notkun bifreiða hjá kennara, er stjórnarráðið hefir löggilt til þess (sbr. þó 8. gr.), hafi stjórnað bifreið minst 25 klukkustundir samtals, sem skiftist á minst 14 kensludaga, og hafi öðlast hæfilega handleikni í